

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 26. október 2016 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-62/2015:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 27. júlí 2015 bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á bifreið, sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefndur seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að kaupunum verði rift, en til vara að seljandi greiði sér skaðabætur.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 29. júlí 2015, gaf kærunefndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 10. ágúst. Með bréfi, dags. 15. september, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bárust þær sama dag. Með bréfi, dags. 25. september, var seljanda gefinn kostur á frekari andsvörum og frestur til að skila þeim til 9. október. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 5. september sl., var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu, kemur m.a. fram að hinn 18. maí 2015 keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 af seljanda fyrir kr. 420.000. Var bifreiðin af gerðinni Hyundai H-1 Starex, árgerð 2000, fyrst skráð 11. febrúar 2000 og á kaupdegi hafði henni verið ekið 205.000 km. Segir álitsbeiðandi að líkt og fram komi í kaupsamningi og afsali hafi átt að vera nýbúið að skipta um tímareim í bifreiðinni, en seljandi hafi gert það sjálfur og því væru ekki til nótur. Um mánuði eftir kaupin fór vél bifreiðarinnar að leka olíu. Við skoðun á verkstæði komi í ljós að lekinn var með pakkdós á sveifarási og að tímareim sé ónýt. Við nánari skoðun verkstæðisins kemur í ljós að legur á sveifarás eru ónýtar, sem aftur hafi valdið því að þegar stigið var á kúplingu gekk sveifarásinn til og ýtti pakkdósinni smá saman úr stað. Áætlaður viðgerðarkostnaður mun vera á bilinu kr. 6-700.000. Því sé ljóst að ekki borgi sig að gera við bifreiðina og hún því ónýt. Segir álitsbeiðandi að verkstæðið telji augljóst að um leyndan galla sé að ræða. Segist álitsbeiðandi krefjast þess að kaupunum verði rift. Meðfylgjandi álitsbeiðni er afrit af afsali og kaupsamningi, ásamt afriti af ástandslýsingu seljanda.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda kemur m.a. fram að álitsbeiðandi hafi haft bifreiðina til umráða í tvo sólarhringa áður en gengið var frá kaupunum og kynnt sér ástand hennar. Segir seljandi að bifreiðasali sá er hafði milligöngu um söluna segi að álitsbeiðandi hafi á þessum tíma farið með bifreiðin í ástandsskoðun á tvö bifreiðaverkstæði. Skipt hafi verið um tímareim í bifreiðinni í september 2013 en seljandi segist enga ábyrgð taka á því verki, sem unnið hafi verið tæpum tveimur árum áður en álitsbeiðandi keypti bifreiðina. Álitsbeiðandi hafi óskað eftir upplýsingum um tímareimaskiptin og því hafi þær upplýsingar verið tilteknaðar í afsali. Að lokum segir seljandi að bifreiðin hafi verið í lagi þegar hún hafi farið frá sér.

V

Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda

Í athugasemdum álitsbeiðanda við andsvör seljanda kemur m.a. fram að það komi álitsbeiðanda á óvart að í andsvörum sínum telji seljandi sig enga ábyrgð hafa tekið á viðgerð, sem gerð hafi verið á hans eigin verkstæði. Þetta viðhorf seljanda endurspeglar ekki í gögnum málsins og þvert á móti hafi viðgerðin, þ.e. tímareimaskiptin, verið sérstaklega tiltekin í afsali til að tryggja ábyrgð seljanda. Segist álitsbeiðandi ekki vita nákvæmlega hvenær viðgerðin var gerð, en hann viti þó að bifreiðinni var aðeins ekið um 5.000 km frá því viðgerðin var framkvæmd og þar til farið var með hana á verkstæði þar sem staðfest var að viðgerðin var illa eða rangt framkvæmd. Tímareimaskipti eigi að duga í það minnsta í 80.000 km akstur. Þessi galli hefði ekki komið fram í hefðbundinni ástandsskoðun og því hafi ekki verið nokkur leið fyrir álitsbeiðanda að vita af þessu nema með því að láta opna vélina á verkstæði.

VI

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 48/2003 um neytendakaup.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 af seljanda hinn 18. maí 2015 fyrir kr. 420.000. Bifreiðin er árgerð 2000 og fyrsti skráningardagur hennar 11. febrúar 2000. Bifreiðin var því rúmlega 15 ára á kaupdegi og hafði verið ekið 205.000 km þegar kaupin fóru fram samkvæmt því sem kemur fram í kaupsamningi og afsali.

Í kaupsamningi og afsali fyrir bifreiðinni, dags. 18. maí 2015, segir m.a. eftirfarandi: „Ökutækið selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum.“

Samkvæmt þessum ákvæðum kaupsamningsins falla kaupin á bifreið álitsbeiðanda undir 17. gr. neytendakaupalaga sem nær til sölu hlutar „í því ástandi sem hann er“ og sölu hluta á uppboði. Sala á notuðum hlutum fellur því alla jafna undir þessi lagaákvæði. Í 1. mgr. 17. gr. segir m.a.:

„Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekkingum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

- a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;
- b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.“

Í 1. mgr. 16. gr. sem vísað er til í 17. gr. segir m.a. að söluhlutur teljist vera gallaður ef ákveðin atvik eða aðstæður eru fyrir hendi. Liðir b og c hljóða svo:

„b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin

c. hann [söluhluturinn] svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin.“

Þá segir enn fremur í 3. mgr. 16. gr. neytendakaupalaga að neytandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð. Í

framangreindum ákvæðum er kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og skoðunarskyldu kaupanda auk þess sem í a-lið 1. mgr. 17. gr. er kveðið á um það að söluhlutur sé gallaður þegar ástand hans er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Í kaupsamningi og afsali kemur fram að álitsbeiðandi staðfestir að seljandi hafi vakið athygli hans á því að láta óháðan aðila meta ástand ökutækisins. Ekkert kemur fram í skjölum málsins að álitsbeiðandi hafi gert það, en seljandi heldur því fram að álitsbeiðandi hafi þó gert svo, og hefur því ekki verið mótmælt af álitsbeiðanda. Engar haldbærar upplýsingar hafa komið fram um það hvort verð á bifreiðinni hafi á þeim tíma er kaupin fóru fram verið svipað og viðmiðunarverð á sambærilegum bifreiðum enda má segja að verð á bifreiðum á þessum aldri geti verið mjög mismunandi og farið m.a. eftir því hvernig bifreiðin lítur út og hvernig virðist hafa verið farið með hana.

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að fátt bendi til þess að bifreiðin svaraði ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hafði gefið um hana, sbr. c-lið 1. mgr. 16. gr., en upplýsingar seljanda um að tímareimaskipti hefðu verið framkvæmd voru ekki rangar. Verður því ekki litið svo á að galli hafi verið til staðar á þeim grundvelli. Nefndin telur jafnframt vandséð að seljandi hafi vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli skiptu um bifreiðina, sbr. b-lið 1. mgr. 16. gr.

Stendur þá aðeins eftir mat á því hvort ástand bifreiðarinnar hafi verið mun verra en álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti, sbr. a-lið 1. mgr. 17. gr. laganna. Sem fyrr segir liggur ekki fyrir í gögnum máls að bifreiðin hafi verið söluskoðuð fyrir kaupin, en ekki er ástæða til að efast um fullyrðingar seljanda um að það hafi verið gert. Nefndin telur hins vegar afar ólíklegt að nokkur söluskoðun hefði leitt í ljós að ekki hefði verið staðið nægjanlega vel að tímareimaskiptum í bifreiðinni, tæpum 2 árum fyrir kaupin, en sérstaklega var tilgreint í afsali og kaupsamningi að tímareimaskipti hefðu átt sér stað árið 2013, þegar bifreiðin var ekin 200.000 km. Eins og rakið er að framan var hafði bifreiðinni aðeins verið ekið um 5.000 km frá því tímareimaskiptin voru framkvæmd og þar til álitsbeiðandi keypti bifreiðina. Þá kemur fram að um mánuði eftir kaupin kom í ljós á verkstaði að ekki hafði verið rétt staðið að tímareimaskiptunum og að það hefði haf þær afleiðingar að gera þurfi við bifreiðina fyrir á bilinu kr. 6-700.000. Telur nefndin að yfirgnæfandi líkur séu á að bilun í bifreið álitsbeiðanda verði rakin til þess að ekki var rétt staðið að tímareimaskiptum af hálfu seljanda á árinu 2013. Tímareimar eigi að þola mun meira en tæplega tveggja ára notkun og 5.000 km akstur. Mátti álitsbeiðandi því vart búast við því að tímareim bifreiðarinnar myndi valda tjóni á vél hennar svo skömmu eftir kaupin.

Er það því mat kærunefndarinnar að ástand bifreiðarinnar hafi verið verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti sbr. a-lið 1. mgr. 17. gr. laganna. Kærunefndin vill þó taka fram að ekkert bendir til þess að seljandi hafi verið meðvitaður um hve slæmt ástand bifreiðarinnar var.

Í 26. gr. laga nr. 48/2003 segir að reynist söluhlutur gallaður og gallinn hvorki sök kaupanda né stafi af aðstæðum sem hann varða geti neytandi samkvæmt ákvæðum 29. – 33. gr. laganna krafist úrbóta, nýrrar afhendingar, afsláttar, riftunar og skaðabóta ásamt því að halda eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæðum 28. gr. Sem fyrr segir hefur álitsbeiðandi gert þá kröfu að kaupunum verði rift skv. 32. gr. laganna. Í ljósi þess að bifreiðin hefur skipt um eigendur í tvígang frá því álitsbeiðandi keypti hana, er útilokað að komið geti til riftunar, enda gæti álitsbeiðandi vart skilað seljanda bifreið, sem hann ekki hefði undir höndum. Stendur þá eftir varakrafa álitsbeiðanda um skaðabætur. Sú krafa er engum gögnum studd og ekki liggur fyrir hvort álitsbeiðandi hafi lagt út í frekari viðgerðir á bifreiðinni áður en hann seldi hana, né hvort hann hafi, vegna bilunar þeirrar sem hér er deilt um, orðið að selja bifreiðina áfram á mun lægra verði, með tilheyrandi tjóni. Í ljósi þessa telur kærunefndin útilokað að svo stöddu að taka afstöðu til varakröfu álitsbeiðanda. Verður kærunefndin því að

vísa álitsbeiðni þessari frá sér, sbr. 2. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár og þjónustukaupa. Kærunefndin tekur fram að þrátt fyrir það að álitsbeiðninni hafi verið vísað frá getur álitsbeiðandi sent kærunefndinni nýja beiðni um álit fylgi henni um það tjón sem hann telur sig hafa orðið fyrir vegna kaupa á bifreiðinni xx-000.

Umtalsverður dráttur hefur orðið á afgreiðslu máls þessa fyrir nefndinni. Meginástæða dráttarins er sú að á tímabilinu 6. júlí til 19. október 2016 var kærunefndin óstarfhæf sakir þess að skipun nefndarmanna hafði ekki verið endurnýjuð. Þeir einstaklingar sem áður höfðu haft skipun til starfa í nefndinni voru því umboðslausir og höfðu ekki heimild til að sinna nefndarstörfum.

VII

Álitsorð

Álitsbeiðni X, er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hrannar Már Gunnarsson